



Fundargerð

472. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps.

Fimmtudaginn 14. október 2021, kl.15.00

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Árný Huld Haraldsdóttir (ÁHH), Embla Dögg B. Jóhannsdóttir (EDBJ), Ingimar Ingimarsson (II), Karl Kristjánsson (KK) og Sveinn Ragnarsson (SR) sem sat fundinn í forföllum Jóhönnu Aspar Einarsdóttur. Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerðin er rituð á tölvu og er fimm blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkomið, óskaði eftir öðrum málum á dagskrá og kannaði hvort athugasemdir væru við fundarboðið. Eitt mál barst og var samþykkt að taka það til afgreiðslu undir liðnum önnur mál. Engar athugasemdir voru gerðar við fundarboðið. Þá var gengið til dagskrár

Dagskrá:

Fundargerðir nefnda sveitarfélagsins.

1. 471. Fundur sveitarstjórnar 9. september 2021.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

2. Mennta- og menningarmálanefnd 14. september 2021.

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

3. Skipulags- húsnæðis- og hafnanefnd 11. október 2021.

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

2.1 2004013 – Endurskoðun á Aðalskipulag Reykhólahrepps 2006 – 2018.

Lögð var fram tillaga að Aðalskipulagi Reykhólahrepps 2021-2033 á vinnslustigi sem samanstendur af

- Skipulagsgreinargerð, dags. 11.10.2021
- Umhverfismatsskýrsla, dags. 11.10.2021

- Skipulagsuppdráttir, dags. 11.10.2021

Uppdráttur 1

- Austurhluti sveitarfélagsins - mkv. 1:70.000
- Reykhólar - mkv. 1:10.000

Uppdráttur 2

- Vesturhluti sveitarfélagsins - mkv. 1:70.000

Uppdráttur 3

- Breiðafjarðareyjar - mkv. 1:70.000
- Flatey - mkv. 1:10.000

Þemauppdráttir

- Vegir í náttúru Íslands, aðrir en þjóðvegir
- Flokkun landbúnaðarlands

Sveitarstjórn samþykkir að framlögð aðalskipulagstillaga verði kynnt ásamt umhverfismatsskýrslu samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og ákvæðum laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Tillagan og umhverfismatsskýrslan verði birt á vef til kynningar og send til umsagnaraðila.

Ábendinga- og umsagnafrestur verði 4 vikur frá birtingu. Að kynningar- og umsagnartíma loknum verður gengið frá aðalskipulagstillögu og umhverfismatsskýrslu til athugunar Skipulagsstofnunar og síðan auglýsingar með 6 vikna athugasemdafresti.

Samþykkt samhljóða.

2.2 2110004 – Deiliskipulag Hólatröð.

Lögð er fram tillaga að deiliskipulagi um Hólatröð.

Sveitastjórn samþykkir tillöguna og felur skipulagsfulltrúa að birta hana í

Stjórnartíðindum skv 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin samþykkt að öðru leyti.

Mál til afgreiðslu

1. 2108010 - Fjárhagsáætlun 2022 – 2025, fyrri umræða.

Lögð eru fram drög að fjárhagsáætlun 2022.

1.1 Stafræn umbreyting sveitarfélaga.

Sveitarstjórn samþykkir framlögð gögn um fjármögnun starfrænnar umbreytingar sveitarfélaga og vísar henni í fjárhagsáætlun ársins 2022 – 2025

1.2 Áætlun Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda.

Sveitarstjórn samþykkir fram lagða fjárhagsáætlun Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda bs. fyrir árið 2022 og vísar í fjárhagsáætlun ársins 2022.

1.3 Áætlun embættis byggingafulltrúa í Standabyggð.

Sveitarstjórn samþykkir fram lagða fjárhagsáætlun vegna embættis byggingafulltrúa í Strandabyggð árið 2022 og vísar í fjárhagsáætlun ársins 2022.

1.4 Áætlun embættis skipulagsfulltrúa í Dalabyggð.

Sveitarstjórn samþykkir fram lagða fjárhagsáætlun vegna embættis skipulagsfulltrúa í Dalabyggð árið 2022 og vísar í fjárhagsáætlun ársins 2022.

Sveitarstjórn vísar fjárhagsáætlun 2022 – 2025 til síðari umræðu. Samþykkt samhljóða.

2. 2110007 - Leiga á húsnæði slökkvistöðvar í Flatey.

Lagður er fram til samþykktar leigusamningur við Flateyjarveitur um leigu á slökkvistöð i Flatey.

Sveitarstjórn samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra að undirrita hann, fjármögnun vísast í gerð fjárhagsáætlunar fyrir árin 2022 – 2025. Samþykkt samhljóða.

3. 2110008 - Fjármögnun Reykhóla hses.

ÁHH og EDBJ véku af fundi.

II tók við fundarstjórn.

Lagt er fram erindi frá stjórn Reykhóla hses.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að ganga frá uppgjöri miðað við fyrri samþykkt.

Samþykkt samhljóða.

ÁHH og EDBJ komu aftur inn á fundinn.

ÁHH tók við fundarstjórn.

4. 2110009 - Barnvæn sveitarfélög.

Lagt er fram erindi frá félagsmálaráðuneyti dags. 2. september 2021.

Sveitarstjórn tekur jákvætt í verkefnið.

5. 2110010 - Framkvæmdir á Vestfjarðarvegi 60, ósk um upplýsingar.

Lagt er fram erindi frá Umhverfissráðuneyti dags.

Afgreiðslu á málinu frestað til næsta fundar. Samþykkt samhljóða.

Mál til kynningar

1. **2110011 - Reikningsskil sveitarfélaga, breyting á reglugerð 212/2015.**
Lagt fram og kynnt.
2. **2110012 - Úttekt HMS á Brunavörnum Dala, Reykhóla og Stranda 21, Reykhólahreppur.**
Lagt fram og kynnt.
3. **2110013 - Brunavarnir Dala, Reykhóla og Stranda, stjórnarfundur 22. september 2021.**
Fundargerð lögð fram og kynnt.
4. **2102015 - 901. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.**
Fundargerð lögð fram og kynnt.

Önnur mál :

ÁHH vék af fundi.
Hl tók við fundarstjórn.

1. Skipulags- húsnæðis- og hafnanefnd 14. október 2021

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

1903004 – Breyting á aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006 – 2018, vindorkugarður í Garpsdal.

Sveitarstjórn samþykkir breytingar á aðalskipulaginu eins og þær voru lagðar fram á fundi skipulagsnefndar og ítrekar fyrri beiðni um afgreiðslu af hálfu Skipulagsstofnunar. Samþykkt samhljóða.

ÁHH kom aftur inn á fundinn og tók við fundarstjórn.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 17:47
